

**Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá Íslands**

Skýrsla nr. 3

Fornbátaskrá Byggðasafns Reykjanesbæjar



Helgi Máni Sigurðsson
Reykjavík 30.12. 2018

Inngangur

Þann 17. nóvember 1979 opnaði Byggðasafn Suðurnesja með formlegum hætti að Vatnsnesi. Vatnsnesið var annað af tveim húsum sem Byggðasafnið fékk í morgungjöf, hitt er húsið Innri-Njarðvík. Það var Bjarnfríður Sigurðardóttir sem ánafnaði Vatnsnesið til eflingar safnamálum. Erfingjar Eggerts Jónssonar gáfu Njarðvíkurhúsið.

En saga safnsins er lengri. Þann 17. júní árið 1944 var Byggðasafn Keflavíkur stofnað af Ungmennafélagi Keflavíkur. 2. maí 1967 var skipuð nefnd um byggðasafn í Njarðvík. Fyrir áeggjan þjóðminjavarðar leituðu Njarðvíkingar eftir samstöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum um rekstur byggðasafns. Áhugi var einhver en þó náðist aðeins samstaða með Keflvíkingum. Í október 1978 skrifa síðan bæjarstjórnir beggja undir samþykkt um rekstur byggðasafns. Árið 2002 var ákveðið að breyta nafni safnsins í Byggðasafn Reykjanesbæjar, enda skilgreinir það nafn betur starfssvæði safnsins.

Uppskeran eftir 25 ára starf er töluvert góður safnkostur muna og mynda. Grunnsýningar hafa verið settar upp í Vatnsnesi, í Innri-Njarðvík, Stekkjarkoti og í Bryggjuhúsi Duus Safnahúsa. Fjöldi sýsinga hafa einnig verið settar upp utan safnhúsanna sem innan.

Safnið hefur staðið fyrir fornleifarannsókn í Vog í Höfnum í samvinnu við Fornleifafræðistofuna og komið að fornleifaskráningu í bæjarlandinu.¹

Byggðasafn Reykjanesbæjar á þrjá fornþáta eins og fram kemur í þessari skýrslu.

Efnisyfirlit

Baldur KE 97	3
Léttabátur frá Höfnum	10
Guðmundur S GK 56	15

¹ Af heimasíðu safnsins 26.4. 2018



Baldur KE 97 í nausti í Grófinni, 2018. Ljós. HMS.

Baldur KE 97

1. Skipaskrárnúmer: 311

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Reykjanesbæjar

5. Fyrri eigendur:

- 1961: Ólafur Björnsson og Hróbjartur Guðjónsson, Keflavík
- 1971: Baldur hf (Ólafur Björnsson framkvæmdastjóri)
- 1987: Sigurborg hf, Keflavík
- 1989: Útgerðarfélag Akureyrar hf
- (2000) Njáll ehf, Garði ²
- 2003: Ólafur Björnsson
- 2015: Byggðasafn Reykjanesbæjar

6. Varðveislustaður: Í nausti í Grófinni við smábátahöfnina í Keflavík.

7. Smíðaár: 1961

² Íslenskt sjómannaalmanak 1967 og 1977 og Jón Björnsson: Íslensk skip II

- 8. Hönnuður:** Egill Þorfinnsson, skipasmiður ³
9. Skipasmíðastöð: AB Djupviksbatvarv, Djupvik, Svíþjóð
10. Brúttórúmllestir: 40
11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 19,4 x 5,15 x 2,46 ⁴
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik; sléttsúðungur
13. Skrokklag:
14. Þilför: Alþilja
15. Yfirbygging: Stýrishús (frambyggður), lúkar
16. Lokuð rými: Lest, vélarrúm
17. Möstur og seglabúnaður: Mastur með bómu



Baldur KE 97, 2018. Ljós. HMS.

18. Vél:

- 1961: Deutz dísel 230 hö
- 1974: Caterpillar dísel 351 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Tæki eru í stýrishúsinu

20. Notkunarsaga:

³ Faxi 1.4. 1961

⁴ Skrá yfir íslensk skip og báta 14-15

Baldur var vertíðarbátur, gerður út frá Keflavík lengst af. Hann var á netum á vetrarvertíð og dragnót/snurvoð á sumrin. Samkvæmt eiganda hans, Ólafi Björnssyni, henti aldrei óhapp á Baldri þau 42 ár sem hann var gerður út, 1961-2003, hvorki menn né bátinn.

Ólafur Björnsson var eigandi bátsins fyrstu 25 árin. Samkvæmt honum var afli bátsins að meðaltali um 820 tonn á ári, öllu landað í Keflavík nema fáeinum tonnum. Baldur KE var aflahæstur á dragnótinni í Faxaflóa öll árin 1961-1990 nema það fyrsta, þá í öðru sæti.

Egill Þorfinnsson, sem teiknaði Baldur, sagði frá því síðar að Svíunum, sem smíðuðu bátinn, hafi þótt hann svo þunnur á stefnið að þeir hafi ítrekað brugðið út af teikningunni. Ólafur Björnsson hafi þurft þrisvar að láta rífa það upp og breyta því.

Baldur og Glaður KE eru mjög líkir. Glaður er heldur yngri, frá um 1968, og er enn gerður út.

Björn Ragnarsson kynntist bátnum og taldi hann hafa verið ágætt sjóskip. Helst hafi mátt passa sig á honum á lensi. Mjög svipaður bátur hafi þó farið niður strax á fyrsta eða öðru árinu, týnst. Hét sennilega Hólmar.⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Fyrsti frambyggði báturinn

Nýmæli við Baldur KE 97 var að hann var frambyggður, fyrsti báturinn þeirrar gerðar á Íslandi samkvæmt íslenskum hugmyndum. Um það sagði í blaðinu Faxe: „Skapast við það mjög bætt vinnuskilyrði miðað við venjulegt byggingarlag, þar sem þilfarið er nú samfelld athafnasvæði frá stýrishúsi og aftur í skut, auk þess sem stýrishúsið veitir nokkurt skjól við vinnuna. Fleiri kostir fylgja þessu nýstárlega byggingarlagi, t.d. er innangengt úr stýrishúsi í allar vistarverur skipverja og vélarrúm sem er mjög til öryggis og þæginda, einkum þegar siglt er í misjöfnum veðrum.”⁶

Frumkvöðlar í veiðitækni

Eigendur Baldurs var einnig frumkvöðlar í veiðitækni. Á honum voru í fyrsta skipti notaðir vírar í stað tóga við dragnótaveiðar. Nokkurn tíma tók að ná tökum á þeim en það hafði á endanum í för með sér byltingu, því að það létti vinnuna verulega og slysaætta við dragnótaveiðar minnkaði mikið. Baldur var ennfremur fyrstur íslenskra skipa til að nota skuttog, árið 1961. Það var að vísu með humartroll.⁷

Ólafur Björnsson skipstjóri og útgerðarmaður (1924-2015)

Ólafur flutti til Keflavíkur fimm ára gamall frá Hnúki í Klofningshreppi í Dalasýslu þar sem hann fæddist. Sextán ára var Ólafur orðinn hausari á togaranum Venus frá Hafnarfirði. Ólafur lauk hinu meira fiskimannaprófi frá Stýrimannaskóla Íslands 1945. Hann var verkstjóri hjá Togaraútgerð Keflavíkur 1953-1956. Ólafur rak Baldur hf. í um þrjátíu ár og var í bæjarstjórn Keflavíkur fyrir Alþýðuflokkinn í tuttugu og fjögur ár.

⁵ Björn Ragnarsson viðtal 2018. Harandur Haraldsson viðtal 2018.

⁶ Faxi 1.4. 1961

⁷ Mb. Baldur KE 97 verður varðveittur. Mbl. 1. apríl 2003.



Ólafur Björnsson

Varaþingmaður var Ólafur árin 1978–1979. Formaður Olíusamlags Keflavíkur frá 1966. Í stjórn LÍÚ og SÍF og í fjölda nefnda á þeirra vegum 1968–1984.

Ólafur var frumkvöðullinn að smíði Baldurs KE 97 og fyrsti eigandi hans. Hann sagði að hann hafi snemma fengið þá flugu í hausinn að láta smíða frambyggðuan bát með skuttog. Hann sagði svo frá: „Ég var stýrimaður á skuttogaranum Júní og Andrés Gunnarsson vélstjóri gerði líkan og tillögur að skuttogara en á þessum tíma var nýsköpunin í gangi. Það vildi enginn hlusta á hann hér heima en hann fór farþegi með okkur á Júní til Grimsby. Við gengum frá þessu listaverki á káetuborðinu og ég sat langtímum saman og horfði á þetta listaverk.”⁸

Þegar Baldur var endanlega afhentur Byggðasafninu, 2015, sagði Ólafur, sem þá var kominn á tíræðisaldur, að það hefði verið draumur sinn að geta varðveitt skipið. Þegar hann frétti að síðustu aðilarnir sem gerðu hann út væru hættir því fór hann til bæjarstjórans í Reykjanesbæ og spurði hann hvort bærinn væri tilbúinn að búa honum stað. Bæjarstjórinn hafði tekið því mjög vel og verið hrifinn af hugmyndinni.⁹

Dragnót / snurvoð:

Dragnót er pokalaga belgur úr neti og út frá honum liggja stórir vængir. Frá vængjunum liggja dragstrengir. Dragstrengirnir ýta við fisknum og smala honum í netið. Neðan á dragnótinni er fótreiði sem hjálpar til við að smala fiskinum inn í netið en er einnig notað til að verja netið.¹⁰

⁸ Baldur KE 97 lýstur upp á laugardagskvöld

⁹ Baldur KE afhentur Byggðasafni Reykjanesbæjar

¹⁰ Wikipedia.org



Baldur KE 97 á siglingu. Ljós: Sturla Högnason.



Ólafur Björnsson með syni sínum og fleirum á sjómannadaginn árið 2015. Ljós: Víkurfréttir

22. Ástand báts:

Skrokkurinn er í sæmilegu ástandi en þó eru einhverjar fúaspýtur í honum. Dekkið er allt í lagi. Eitthvað rafmagn er í bátnum, hiti. Vélin er á sínum stað en reynt var að stela gírnum, sem ekki

tókst en skilið var við allt í óreiðu og það ekki verið lagfært. Í stýrishúsi eru tæki. Lúkarinn lítur illa út, þar þarf að þrifa, lagfæra ljós o.fl. Þá þarf að mála bátinn betur. Síðast var hann málaður fyrir menningarhátíðina Ljósanótt 2017, í þeim tilgangi að hann liti betur út.

Í einu stórvíðrinu flaut Baldur upp og lagðist á hliðina. Einhverjar skemmdir urðu við það.¹¹

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Ólafur Björnsson sinnti viðhaldi bátsins framan af en hann er nú fallinn frá (2015). Stofnað hefur verið félag áhugamanna um viðhald á bátum. Borgar Ólafsson, sonur Ólafs, er í forsvari fyrir það. Það hefur lítið gert enn sem komið er.¹²

25. Heimildir:

- Ólafur Björnsson: Baldur hf, Keflavík: 1957-1990. Stiklað á því helsta í sögu félagsins. Kv. 1999.
- Björn Ragnarsson, fyrrv. sjómaður og fyrrv. starfsmaður Byggðasafnsins, viðtal við HMS 2018.
- Haraldur Haraldsson safnvörður Byggðasafns Reykjanesbæjar, viðtal við HMS 26.4. 2018.
- Skrá yfir íslensk skip og báta 2000. Rvk. 2000.
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967. Rvk. 1966.
- Íslenskt sjómannaalmanak 1977. Rvk. 1976.
- Jón Björnsson: Íslensk skip II. Rvk. 1990
- „Tvö ný skip til Keflavíkur.” Faxi 1.4. 1961
- Wikipedia.org 26.4. 2018
- Mb. Baldur KE 97 verður varðveittur. Mbl. 1. apríl 2003.
- Baldur KE 97 lýstur upp á laugardagskvöld. Víkurfréttir. 4.9. 2003
- Baldur KE afhentur Byggðasafni Reykjanesbæjar til eignar. Víkurfréttir 7.6. 2015

Ólafur Björnsson útgerðarmaður var virkur í þjóðfélagsumræðunni og skráði einnig minningar sínar, m.a. í bókunum um Baldur hf og árin hjá Skreiðarsamlaginu ásamt greinum í Faxe og sjómannablaðinu Víkingi og fleiri ritum.


26. Varðveislustaða: safngripur

27. Almenn umsögn:


Baldur KE er etv. einn af mjög fáum vertíðarbatum af mörgum tugum sem gerðir voru út frá Keflavík á sínum tíma. Báturinn á sér merkilega sögu sem fyrsti frambyggði báturinn, einnig fyrir nýjungar á sviði veiðitækni o.fl.

¹¹ Haraldur Haraldsson safnvörður


¹² Haraldur Haraldsson safnvörður



Baldur KE 97, 2018. Horft fram eftir dekkinu. Ljós. HMS.



Baldur KE 97, 2018. Stýri og skráfa. Sjá má hvernig báturinn situr í mölinni. Ljós. HMS.



Léttabátur frá Höfnum, 2018. Ljósmynd: HMS

Léttabátur frá Höfnum

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Léttabátur
4. Eigandi: Byggðasafn Reykjaneshafnar
5. Fyrri eigendur:
- Hafnahreppur?
6. Varðveislustaður: Byggðasafn Reykjaneshafnar, Ramma-húsið.
7. Smíðarár: 1940-1960 líklega
8. Hönnuður / smíður: Hinrik í Merkinesi¹³
9. Smíðastaður: Hafnir
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 4,4 x 1,4 x 0,75 (dýpt mæld frá kjöl að borðstokk)
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag:
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:

¹³ Haraldur Haraldsson safnvörður

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Léttabátur frá Höfnum, 2018. Ljós. HMS

20. Notkunarsaga:

Léttabátur, notaður til að fara út á leguna í Höfnum.¹⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Hinrik í Merkinesi

Hinrik í Merkinesi, fullu nafni Vilhjálmur Hinrik Ívarsson (1899-1994), lærði húsasmíðar ungur að aldri og stundaði þær í allmörg ár í Reykjavík og úti á landsbyggðinni. Hann var fenginn suður í Hafnir til húsasmíða smíðaði sér þá áttæring, sem síðan reyndist hið besta sjóskip, án þess að hafa nokkurn tíma lagt stund á bátasmíðar. Árið 1930 hóf hann síðan sjóróðra frá Höfnum og bjó í Merkinesi sem er nokkuð fyrir sunnan aðalbyggðina í þorpinu.

Hinrik kallaði tvo báta sinna Guðmund S, sennilega í höfuðið á Guðmundi Sigvaldasyni bónda í Merkinesi en hann reri frá uppsátri hans fyrstu tvær vertíðirnar. Hann smíðaði alla sína báta sjálfur, fyrst 1930, síðan 1937 og að lokum 1962.

Meðfram útgerðinni stundaði Hinrik húsasmíðar og þá var hann eftirsóttur bátasmiður, smíðaði sex báta fyrir aðra. Einnig annaðist hann viðgerðir á húsum og bátum í Höfnum og annars staðar á Suðurnesjum í fjölda ára. Þar á ofan smíðaði hann skipamódel af mikilli list. Í róðrum hafði hann jafnan byssu meðferðis og veiddi fugl, sel og hnísu þegar sá guli gein ekki við önglinum.

¹⁴ Björn Ragnarsson viðtal 2018.

Einnig var hann refaskytta Hafnamanna og banaði þar að auki mörgum minknum þegar sá skaðvaldur hafði hreiðrað um sig á Reykjanesskaganum.

Hinrik var hagrðingur og liggja eftir hann margar vísur og ljóð. Honum voru falin margskonar trúnaðarstörf um ævina, var hreppstjóri Hafnahrepps og sýslunefndarmaður í fjölmörg ár. Meðal barna hans voru söngvararnir Ellý og Vilhjálmur Vilhjálmsson.¹⁵



Hinrik í Merkinesi stendur þarna við hlöðina á líkani af áttæringi sem hann hefur í smíðum.

Hinrik í Merkinesi, smiður og sjómaður. Hann smíðaði nýu báta og einnig fjölda bátamóðela, þótti einn besti móðelsmiður landsins. Eitt líkana hans var gefið Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er nú til varðveislu í Sjóminjasafninu á Grandagarði. Ljósm. MBL 1985.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Þóroddur Vilhjálmsson gerði við bátinn áður en hann var afhentur byggðasafninu. Hann notaði til þess olíuborinn krossvið í stað venjulegra tréborða, m.a. í efstu borð, og tork-skrúfur í stað nagla á nokkrum stöðum. Auðvelt er að bæta úr því.

25. Heimildir:

- Haraldur Haraldsson safnvörður á Byggðasafninu, viðtal 27.4. 2018
- Svavar Gest, minningargrein. mbl.is 8. feb. 1994

¹⁵ Svavar Gest. mbl.is 8. feb. 1994

- Viðtal við Hinrik í Morgunblaðinu 1984. Endurbirt í ferlir.is

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Stílhreinn bátur og fallegur. Aldur vantar.



Léttabátur frá Höfnum, 2018. Skuturinn að innan. Ljós. HMS



Léttabátur frá Höfnum, 2018. Kjölurinn er óvenjuhár aftan til. Ljós. HMS



Léttabátur frá Höfnum, 2018. Borðsokkur, síða og þófta. Ljósmynd. HMS





Guðmundur S GK 56. Efri myndin er sennilega frá því um 1990. Sú neðri er frá 2018, tekin í geymslu byggðasafnsins, í Ramma-húsinu, án stýrishúss og vélar. Ljós. HMS

Guðmundur S GK 56

1. Skipaskrárnúmer: 5181

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Reykjanesbæjar

5. Fyrri eigendur:

- 1962: Hinrik Ívarsson, Merkinesi (1899-1994)

- 1992: Þóroddur Vilhjálmsson, Merkinesi (1942-)

- 1995: Byggðasafn Reykjanesbæjar (tekinn af skipaskrá það ár)

6. Varðveislustaður: Geymsla Byggðasafns Reykjanesbæjar, Ramma-húsið

7. Smíðaár: 1962

- 8. Smiður:** Hinrik Ívarsson í Merkinesi, Höfnum ¹⁶
9. Smíðastaður: Merkines, Höfnum
10. Brúttórúmlestir: 3,2
11. Mesta lengd: 9,45 m
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik og fura; súðbyrðingur
13. Skrokklag:
14. Þilför:



Guðmundur S GK 56. Myndin er úr bókinni Íslensk skip. Bátar I. Líklega er hún frá því um 1990. Á henni sést m.a. stýrishúsið og hvar það var staðsett.



Guðmundur S GK 56, 2018. Horft fram eftir bátnum. Ljós. HMS

¹⁶ Haraldur Haraldsson safnvörður



Guðmundur S GK 56, mynd sem birt var með viðtali við Hinrik árið 1984. Ljós. Mbl.¹⁷

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður)

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél:

- 1978: Bukh 39 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Hinrik í Merkinesi var húsasmiður, bátasmiður og sjómaður. Vitað er um bát sem hann smíðaði fyrir sig um 1930, áttæring sem var hans fyrsti bátur. Einnig smíðaði hann trillu árið 1937, 2,5 brl, sem bar nafnið Guðmundur S og hafði einkennisstafina GK 136. Hann átti þann bát ásamt Katli Ólafssyni. Hann var tekinn af skrá 1961 og árið eftir hafði Hinrik smíðað annan bát, Guðmund S GK 56.¹⁸

Guðmundur S GK 56 var gerður út frá Höfnum ásamt fleiri trillum. Þar var bryggja og löndunarkrani. Hinrik stundað jöfnum höndum smíðarnar og sjóinn. En hann var kominn á sjötugsaldur þegar hann smíðaði síðasta bátinn og er líklegt að sonur hans, Þóroddur, og fleiri afkomendur hafi notað hann seinni árin, til búdrýginda og sem tómstundagaman.

Líklegast er að báturinn hafi verið á handfærum. Einnig hefur hann stundum verið með línustubba, 1-2 bala, sbr. línubelgi sem sjá má á mynd frá 1985. Ekki voru ummerki um netanotkun í bátinum þegar hann kom til safnsins.

Þóroddur, sonur Hinriks, átti bátinn síðustu árin. Hann var sjómaður um langt skeið og einnig vélstjóri í frystihúsinu hf Keflavík.¹⁹

¹⁷ Morgunblaðið 12. ágúst 1984

¹⁸ Jón Björnsson 207, Bragi Óskarsson

¹⁹ Björn Ragnarsson viðtal

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts:

Skrokkurinn er í sæmilegu ástandi; hins vegar vantar stýrishús sem var á bátnum, vél o.fl.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Sennilega hafa engar viðgerðir farið fram á bátnum á vegum byggðasafnsins. Hins vegar hefur báturinn verið inni í húsi frá því hann barst safninu, m.a. í Duus-húsi og Ramma-húsinu, núverandi geymslu safnsins.²⁰

Samkvæmt Birni Ragnarssyni safnverði var báturinn í núverandi ástandi þegar hann kom til starfa á safninu, 2002. Þó hafi stýrishússræfill verið á honum. Og etv. hafi eitthvað af efni úr stýrishúsinu verið tekið til varðveislu.

Ekki er vitað hvað varð af vélinni úr bátnum eða hvenær hún var tekin úr honum.²¹

25. Heimildir:

- Björn Ragnarsson Hringbraut 57, viðtal við HMS 4.5. 2018 (sjómaðurí allmörg ár; vann byggðasafninu 2002-2010)
- Haraldur Haraldsson safnvörður, viðtal 2018.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1. Rvk. 1999.
- Bragi Óskarsson: Hinrik í Merkinesi – viðtal.
Morgunblaðið 12. ágúst 1984, bls. 26-27. Ferlir.is
- Víkurfréttir 10.6. 2017

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur.

27. Almenn umsögn:

Meta þarf hve mikið þarf að gera við bátinn.

²⁰ Björn Ragnarsson viðtal

²¹ Björn Ragnarsson viðtal



Guðmundur S GK 56, 2018. Hæll og öxull. Skrúfunar vantar. Ljósmynd. HMS

Um bátslag

“Sérðu hvernig þetta módel hérna er lagað við stafninn að framan — það skiptir afar miklu hvernig byrðingurinn er lagaður. Smá reiging á bógnum getur gert gæfumuninn hvernig sjóskip báturinn verður. Sé stafninn með réttu lagi fara þeir mjúkt í ölduna framan og setjast hæfilega á skutinn. Ef rétta lagið hefur ekki náðst fara bátarnir að höggva þegar eitthvað er að sjó, og geta það verið hættuleg skip, jafnvel hreinir manndrápsbollar.”²²

Hinrik í Merkinesi, 1984

²² Bragi Óskarsson viðtal